

Föstudagurinn, 11. júlí 2003

201. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 19/2003

**Kvörtun yfir að meint ófullnægjandi þjónusta Ríkisútvarpsins  
leiði ekki til lækkunar afnotagjalda**

**I.  
Erindið**

Með bréfi, dags. 10. janúar 2001, kvartar íbúi á Kópaskeri yfir að gjaldskrá afnotagjalda Ríkisútvarpsins (hér eftir RÚV) miðist ekki við þá þjónustu sem boðin er á hverjum stað. Kvartandi vísar til 11., 17. og 22. (sic) gr. samkeppnislaga máli sínu til stuðnings.

**1.**

Forsaga málsins er að kvartandi flutti á árinu 1999 frá Akureyri til Kópaskers og varð fyrir miklum vonbrigðum með útsendingarskilyrði RÚV á útvarpi og sjónvarpi á staðnum. Kvartandi fékk rafvirkja til að yfirfara leiðslur og tengi og skipt var um sjónvarpsloftnet. Skilyrði bötnuðu ekki. Kvartandi segir að rafvirki hafi sagt að skilyrðin væru svona á þessu svæði. Útsending RÚV væri frá sendi sem staðsettur væri við Auðbjargarstaðabrekku og væri hann orðinn gamall að sögn heimamanna. Útsendingar Stöðvar 2 eru sendar út frá sama stað og sjást ágætlega að sögn kvartanda. Með bréfi kvartanda til RÚV, dags. 7. desember 1999, fór hann fram á að ef útsending yrði ekki bætt verulega yrðu afnotagjöld felld niður eða lækkuð vegna gallaðrar þjónustu.

Svar RÚV til kvartanda er dagsett 2. febrúar 2000. Þar kemur fram að í samráði við Landssímann hafi málið verið kannað og vísað er til bréfs frá Landssímanum um málið þar sem segir m.a.:

*„100 W FM útvarpssendir á Auðbjargarstaðabrekku. Viðtökustyrkur á Kópaskeri er minni en á Akureyri, það er rétt, en talinn viðunandi þó skv. viðmiðun fyrir dreifbýli. Ekki er tæknilega né fjárhagslega mögulegt að tryggja öllum sama styrk óháð búsetu. Sé þess gætt að hafa viðtækið á góðum stað og lofnetisstöngina vel útdregna er ágæt viðtaka möguleg. Víða þarf að nota útiloftnet fyrir útvörp í hljómflytningstækjum, eigi FM stereó gæði að skila sér. Til greina kæmi að auka sendiafl í 200–250 W án þess að stækka þurfi samkeyrslusíu, en ákvörðun hefur ekki verið tekin um það.*

*Einnig nást langbylgjustöðvarnar á Gufuskálum og Eiðum báðar á Kópaskeri með viðunandi viðmiðunarstyrk.*

*Styrkur Sjónvarpsins frá Auðbjargarstaðabrekku mælist 59 dB í 7 metra hæð og 56 dB í 10 metra hæð, sem er nokkru yfir viðmiðunarmörkunum 54 dB í 10 metra hæð. Þetta er talinn nægilegur styrkur, en reynsla af þessum styrk sýnir þó, að lítið má út af bera í frágangi á lofnetskapli, tengingum og tengidósum, til að myndgæði verði óviðunandi. Sem stendur (1. feb.) er útsendingarstyrkur 2 dB lakari en venjulega, en það mun verða lagfært á næstu dögum. Stöð 2 er með 55–57 dB styrk, sem er svipað og RÚV.“*

Í bréfi RÚV til kvartanda kemur fram að með vísan til framangreinds sé ekki hægt að verða við ósk um lækkun afnotagjalds.

## 2.

Í fyrrnefndu bréfi kvartanda til Samkeppnisstofnunar kemur fram að í maí 2000 flutti hann á milli húsa á Kópaskeri. Sem fyrr var rafvirki fenginn til að skipta um allar tengingar og lagnir. Skipt var um lofnet og magnari tengdur en ekki skánuðu skilyrði RÚV. Fram kemur að skilyrðin lýsi sér helst þannig að „þverrendur flökta yfir sjónvarpsskjáinn frá horni í horn.“ Gæði útsendingar Stöðvar 2 eru betri að mati kvartanda sem að sögn stafí af því að Stöð 2 sendi út á UHF-tíðni en RÚV á VHF-tíðni. Að sögn kvartanda er nærri útilokað að ná FM sendingum RÚV en það sé helst í gluggum. Ekki sé hægt að nota sk. vasaútvörp og erfitt sé að nota bíltæki. Á langbylgju séu skruðningar og vandséð hvernig hægt sé að telja að þau skilyrði séu viðunandi. Kvartandi telur að í bréfi RÚV, frá 2. febrúar 2000, komi fram, og það viðurkennt, að kaupendum þjónustu RÚV sé mismunað. Staðfest sé að þjónustan sé mismunandi og útilokað annað en að verðið taki tillit til þess.

## 3.

Með bréfi, dags. 9. febrúar 2001, sendi sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps Samkeppnisstofnun eftirfarandi bókun:

*„Sveitarstjórn Öxarfjarðarhrepps tekur undir efni bréfs... dags. 10.01.2001, ...hvað varðar deilur um afnotagjöld RÚV...“*

## II. Málsmeðferð

### 1.

Með bréfi, dags. 19. febrúar 2001, sendi Samkeppnisstofnun erindið til umsagnar RÚV. Svar barst, dags. 13. mars 2001. Þar kemur fram að RÚV telji ekki efni til að fallist verði á kröfur kvartanda þar sem:

1. Viðtökustyrkur bæði útvarps- og sjónvarpssendinga á Kópaskeri sé yfir lágmarks viðmiðunarmörkum gefnum út af Alþjóða fjarskiptasambandinu. FM skilyrði þó við mörkin.
2. Óhjákvæmilegt sé að viðtökustyrkur sé mismunandi eftir staðsetningu vegna eðlis útvarps- og sjónvarpssendinga með rafsegulbylgjum. Íbúar nálægt sendistöðvum búi við meiri viðtökustyrk en þeir sem fjær eru.
3. Viðtakendur á svæðum með minni viðtökustyrk geti og þurfi að gera viðeigandi ráðstafanir sjálfir til að ná fullnægjandi viðtöku. Alltaf megi bæta viðtökuna með betra eða betur staðsettu loftneti.
4. RÚV geti ekki útilokað truflanir og kappkosti að bæta úr þeim hnökrum sem upp komi í útsendingum. Breytileg skilyrði sem kvartandi tali um kunni að vera vegna óstöðugleika í sendi og verði það kannað. Þverrendur horn í horn séu yfirleitt til komnar vegna utanaðkomandi truflanaalda sem RÚV hafi enga stjórn yfir en muni reyna að staðsetja.

Í svari RÚV kemur fram að almennt sé ekki hægt að tryggja öllum sama viðtökustyrk þar sem útvarps- og sjónvarpsbylgjur hafi mestan styrk við upptökin, sendiloftnetið, en dofni eftir því sem fjær dregur. Allir innan dreifisvæðis njóti þjónustunnar þótt með misjöfnum styrk sé. Styrkurinn sé mun lægri í jöðrum dreifisvæðisins og reynt sé að haga því þannig að þar búi fáir en þeir geti þó náð að njóta þjónustunnar með öflugri loftnetum og tækjabúnaði. Þetta sé óhjákvæmileg afleiðing af eðli dreifingar með útvarpsbylgjum en ekki til að mismuna þéttbýli og dreifbýli. Af þessu leiði að viðtakendur þurfi mismunandi mikið fyrir því að hafa að nálgast þjónustu RÚV eins og gildi um marga aðra þjónustu. Þjónustuveitendur og neytendur þurfi að mætast á ásættanlegan hátt og báðir nokkuð fyrir því að hafa, hvor á sinn hátt, að viðunandi viðtaka náist. Fram kemur að viðmiðunarreglur Alþjóða fjarskiptasambandsins um lágmarks viðtökustyrk taki mið af eðli dreifingarinnar og þáttum sem geti haft áhrif þar á. Við hönnun dreifikerfisins hafi verið miðað við þessar reglur.

Í svari RÚV kemur fram að mælingar hafi verið gerðar á sjónvarpsmerki frá sendi RÚV á Auðbjargarstaðabrekku fyrir framan hús kvartanda á Kópaskeri. Niðurstaðan hafi sýnt að viðmiðunarstyrkur var yfir lágmarki. Þá sýni miðgildi sviðstyrks FM útsendinga á Kópaskeri að það sé um viðmiðunarmörk. Þess beri að geta að langbylgjustöðvarnar á Gufuskálum og Eiðum náist báðar á Kópaskeri með viðunandi

viðmiðunarstyrk og sé hlutverk þeirra m.a. að fylla upp í eyður í dreifingu FM kerfisins.

Þá er í svari RÚV gerð grein fyrir uppbyggingu dreifikerfisins. Það sé byggt upp sem endurvarpskerfi með öflugum aðalsendum sem hafi verið ætlað að ná landshluta á milli. Þeim tengdust síðan aflminni endurvarpar fyrir minni staði og nærsveitir. Endurbætur hafi síðar verið gerðar. T.d. megi nefna byggingu örbylgjukerfis til flutnings dagskrár til aðalsendanna, fjölgunar aðalsenda, endurvarpa o.fl. Þá hafi dagskrárflutningur um ljósleiðarakerfi Landssíma Íslands verið notaður í auknum mæli víða um land, sums staðar um árabíl. Við byggingu dreifikerfisins hafi í upphafi aðeins verið stefnt að dreifingu til byggðra bóla en ekki stefnt að ákveðnum sviðstyrk hvar sem er á landi. Þessi aðferð hafi þann vankant að breytingar á byggðarmynstri s.s. stækkun bæja, bygging nýrra hverfa o.fl. kalli á lagfæringar á dreifikerfinu. Unnið sé eftir fjögurra ára framkvæmdaáætlun um lagfæringar á dreifikerfinu og miðist að bættri þjónustu við viðskiptavinum.

Að lokum kemur fram að í upphafi skipulagningar dreifikerfisins hafi lágmarksstyrkur verið látinn nægja víða til að ná til sem flestra á sem skemmstum tíma og með minnstum tilkostnaði. Í tímans rás hafi RÚV síðan verið að auka sendistyrk þegar sendar eru endurnýjaðir. Kröfur hafi vaxið í þessu tilliti og reynt að bregðast við því eins og kostur er. Eins og fram hafi komið sé kerfið viðkvæmt fyrir breytingum í byggð. Sú vinnuregla hafi því verið í þróun að byggðarkjarna á landsbyggðinni þurfi að athuga sérstaklega vegna skuggasvæða sem myndist við þróun byggðar. Kópasker falli undir þá skilgreiningu.

## 2.

Kvartanda var sent svar RÚV til umsagnar og barst svar, dags. 26. mars 2001. Þar er ítrekað að málið snúist um það að útsendingar útvarps og sjónvarps við Öxarfjörð og á Melrakkaslétu séu óásættanlegar. Þetta sé ekki bara skoðun kvartanda heldur hafi bæði einstaklingar og sveitarstjóri Öxarfjarðarhrepps gert ítrekaðar tilraunir til að fá útsendingar bættar án árangurs.

Kvartandi telur að í svari RÚV sé viðurkennt að viðskiptavinum sé mismunað. Óásættanlegt sé að greiða fullt verð fyrir lakari þjónustu en boðið sé upp á annars staðar. Ítrekað er að á þeim tveimur stöðum sem kvartandi hafi búið á Kópaskeri hafi verið skipt um allar lagnir varðandi útvarp og sjónvarp, ný loftnet keypt og magnari tengdur.

Hvað varði mælingar sem RÚV vitni til þá sé það eina mælingin sem neytendur varði um, það sem sjáist á sjónvarpi og heyrir í útvarpi. Þegar heilu byggðarlögin kvarti sé ekki bara um að ræða illa stillt heimilistæki. Hvað varði þverrendur horn í horn sem

RÚV sverji af sér vakni sú spurning hvernig á því standi að þær sjáist ekki á Stöð 2 á Kópaskeri.

Þá vekur kvartandi athygli á því sem hann kallar þversögn í bréfum RÚV. Annars vegar komi fram að ákvörðun hafi ekki verið tekin um að auka sendiafl og hins vegar að Kópasker falli undir skilgreiningu sem byggðarkjarni sem þurfi að athuga vegna skuggasvæða.

### 3.

Samkeppnisstofnun sendi bréf kvartanda til umsagnar RÚV og er svarið dagsett 17. maí 2001. Vísað er til fyrri raka en áréttað að mismunandi viðtökustyrkur sé óhjákvæmilegur. Þar sé um náttúruleg mál að ræða og í því felist ekki, út af fyrir sig, mismunun milli viðskiptavina. Lágmarks viðtökustyrkur sé miðgildisstyrkur yfir tiltekið landssvæði sem undirstriki breytileikann í viðtökustyrk hjá einstökum notendum. Ástæðan sé tæknileg en ekki mismunun. Sendandi og viðtakandi þurfi að hafa nokkuð fyrir því að viðunandi viðtaka náist, hvor á sinn hátt. Alþekkt sé að aðgengi almennings að opinberri þjónustu í dreifbýlinu sé ekki eins greitt og á höfuðborgarsvæðinu. Nægi þar að nefna almenningsfarartæki, vegakerfið og læknisþjónustu. Allt að einu greiði landsbyggðarfólk sömu skatta og sömu opinberu þjónustugjöldin og Reykvíkingar. Þetta byggist á lögum eins og útvarpsgjaldið. Útvarpsgjaldið sé þjónustugjald og séu nokkur skattheimtueinkenni á því. Gjaldskyldan markist af því einu hvort menn eigi viðtæki sem nýta megi til móttöku á sendingum RÚV. Einu gildi hvort menn nýti möguleikann eður ei. Þá sé gjaldskyldan ekki tengd móttökuskilyrðum skv. lögnum. Önnur hlið þess máls sé að opinber þjónusta sem landsbyggðin njóti kosti oft margfalt meira á mann en sambærileg þjónusta í Reykjavík. Dreifingu dagskrár RÚV megi lýsa þannig að til um helmings þjóðarinnar megi ná með einum sendi en því fámennari og dreifðari sem byggðin sé þurfi fleiri senda sem aftur þjóni færri notendum. Ef þjónustugjöld ættu að endurspeglja þetta væru þau margfalt hærri á landsbyggðinni en í höfuðborginni. Jöfnun þjónustugjalds þýði að þéttbýli niðurgreiði þjónustu landsbyggðarinnar og byggist það á lögum.

Hvað varði meinta þversögn í bréfum RÚV segir að hugur standi til að auka sviðsstyrk útsendinga í þéttbýliskjörnum úti á landi til að koma betur til móts við viðskiptavinum þar. Varðandi þverrendur sé algengast að þær stafir af utanaðkomandi truflunum sem yfirleitt séu á tilteknum tíðnum en öðrum ekki og því eðlilegt að þær truflanir séu mismunandi á ólíkum útsendingarrásum. Væru þverrendurnar í útsendingunni sæju allir viðtakendur sömu truflun.

Fram kemur að á árinu 1985 hafi löggjafinn sett fram markmiðið um dreifingu RÚV til „landsins alls og næstu miða“ og markaði til þess sérstakan tekjustofn í útvarpslögum. Þessi tekjustofn hafi aftur á móti aldrei skilað sér utan einu sinni og

hafi að lokum verið felldur úr lögunum. Ljóst sé að markmið laganna náist seint að fullu en RÚV leitist við að nálgast það innan þess ramma sem löggjafinn setji. RÚV leyfi sér ekki að einskorða dreifikerfið við þéttbýliskjarna heldur sé jafnframt leitast við að þjónusta bændabýlin sem nærri og fjarri liggja. Staðsetning senda taki stundum mið af þessu sem kunni að leiða til þess að hámarks móttökuskilyrðum sé fórnað fyrir þá hagsmuni að fleiri fái að njóta útsendingarinnar þótt það geti þýtt lækkaðan styrk sem þó fari ekki undir alþjóðleg viðmið. Allt önnur sjónarmið ráði hjá öðrum útvarps- og sjónvarpsstöðvum en sjaldan verði þess þó vart að nokkur telji þessi viðhorf virðingarverð eða að nokkuð sé fyrir þau gefandi.

#### 4.

Þann 21. ágúst 2001 tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum um töf á málsmeðferð. Þann 10. september 2001 óskaði Samkeppnisstofnun eftir umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar um málið. Umsögnin barst með bréfi dags. 17. september 2001. Þar er farið yfir tilhögun endurvarpsstöðva og hver séu lágmarksskilyrði í formi nauðsynlegs sviðsstyrks. Fram kemur að mælingar RÚV á sviðsstyrk sjónvarps á Kópaskeri gefi til kynna að hann sé yfir mörkum skv. tilmælum Alþjóða fjarskiptasambandsins. Fyrir hljóðvarp með stereó gefi mælingar RÚV til kynna að skilyrði séu mjög nálægt hærri lágmarkssviðsstyrksmörkum en smávegis ósamræmi virðist á milli mælinga. Síðan segir:

*„Með hliðsjón af mælingum þeim sem Ríkisútvarpið hefur látið gera á Kópaskeri telur Póst- og fjarskiptastofnun ljóst að lágmarksgildi sviðsstyrks fyrir sjónvarp séu fyrir hendi en ekki megi tæpara standa. Þess ber enn fremur að gæta að útbreiðsla rafsegulbylgna í loftinu er ekki stöðug en sætir ákveðnum breytingum sem getur þýtt að einhvern lítinn hluta tímans verða viðtökuskilyrði undir mörkum. Við þessar aðstæður er nauðsynlegt að búnaður notanda sé af bestu gerð og í góðu lagi ásamt því að hann sé staðsettur eins hátt og mögulegt er yfir jörðu. Mælingar Ríkisútvarpsins á hljóðvarpsskilyrðum eru ekki eins greinargóðar, t.d. kemur ekki fram í hvaða hæð yfir jörðu var mælt, en svo virðist sem sviðsstyrkur FM hljóðvarps sé nálægt lagi, sbr. tilmæli ITU, með sama fyrirvara um réttan búnað notanda.*

*Sendir Stöðvar 2 á þessu svæði kemur einnig frá Auðbjargarstaðabrekku en er á hærra tíðnisviði, þ.e. UHF en ekki á VHF eins og Ríkisútvarpið sendir út á. Í flestum tilfellum dregur sending á UHF styttra en á VHF ef sama sendiafl er notað, þetta getur þó verið háð landslagi eða því hvort rafsegulbylgjan endurkastast af sjó á leiðinni líkt og háttar milli Auðbjargarstaðabrekku og Kópaskers. Nánari samanburður milli sviðsstyrks Stöðvar 2 og Ríkisútvarpsins á Kópaskeri er ekki mögulegur út frá þeim gögnum sem fylgdu með erindi yðar.“*

## 5.

Með bréfi, dags. 21. september 2001, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Þann 15. október 2002 tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni væru enn fyrirjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins.

## 6.

Þann 5. nóvember 2002 sendi Samkeppnisstofnun menntamálaráðuneytinu gögn málsins og tilkynnti að til greina gæti komið að samkeppnisráð beindi álitni til ráðuneytisins vegna málsins. Jafnframt var menntamálaráðuneytinu gefinn kostur á að koma að athugasemdum eða skýringum.

Svar menntamálaráðuneytisins er dags. 14. nóvember 2002 og þar segir m.a. að ekki verði séð hvernig umkvörtunarefnið snerti ákvæði samkeppnislaga, hlutverk Samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs. Vandséð sé á grundvelli hvaða valdheimilda málið sé rekið af Samkeppnisstofnun. RÚV sé sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins. Sérstök og ótvíræð lagaskylda sé til greiðslu útvarpsgjalds (afnotagjalds) og jafnframt séu undanþágur eða afsláttur frá gjaldinu lögbundinn. Sjálfstæði RÚV leiði til þess að ákvörðunum þess verði ekki skotið til ráðherra. Þá sé hvergi í lögum eða reglugerð að finna kærheimild til ráðherra vegna ákvarðana stofnunarinnar í tengslum við innheimtu útvarpsgjalds. Menntamálaráðuneytið óskaði því eftir frekari upplýsingum frá Samkeppnisstofnun um á hvaða grundvelli, með vísan til ákvæða samkeppnislaga, málið væri til meðferðar hjá stofnuninni.

Með bréfi, dags. 9. desember 2002, benti Samkeppnisstofnun menntamálaráðuneytinu á að skv. d-lið 5. gr. samkeppnislaga væri það m.a. hlutverk samkeppnisráðs að benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari. Þá væri það hlutverk samkeppnisráðs að vekja athygli ráðherra á því ef það telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði samkeppnislaga og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum sbr. 19. gr. laganna. Jafnframt var tekið fram að samkvæmt lögum og reglugerð um RÚV heyrði stofnunin undir menntamálaráðuneytið og í máli þessu kæmi til athugunar hvort rétt væri að beina álitni til ráðuneytisins þar sem lög og reglugerð um RÚV virtist ekki gera ráð fyrir að heimilt væri að veita notendum afslátt af afnotagjaldi væru skilyrði til móttöku ófullnægjandi. Menntamálaráðuneytinu var því gefinn frekari frestur til að koma að athugasemdum sæi ráðuneytið ástæðu til.

Með tölvupósti, sendum þann 28. janúar 2003, tilkynnti menntamálaráðuneytið að það myndi ekki senda sérstaka umsögn vegna þessa máls.

## 7.

Með bréfi, dags. 13. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að enn væru fyrirjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins. Með bréfi, dags. 7. júlí 2003, tilkynnti

Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var aðilum tilkynnt að málið yrði lagt fyrir fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

### III. Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 11. júlí 2003, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ragnheiður Bragadóttir og Sigurbjörn Þorbergsson.

#### 1.

Í máli þessu er, með vísan til 11., 17. og 20. gr. samkeppnislaga, kvartað yfir að gjaldskrá afnotagjalda RÚV miðist ekki við þá þjónustu sem boðin er á hverjum stað. Á það rætur að rekja til þess að kvartandi sem búið hefur á Kópaskeri telur að útsendingar RÚV á svæðinu séu með slíkum hætti að þær verðskuldi lækkun afnotagjalda. Í svörum RÚV hefur komið fram að skilyrði á Kópaskeri séu yfir viðmiðunarmörkum og að ekki sé hægt að tryggja öllum landsmönnum sömu skilyrði. Slíkt sé ekki mögulegt vegna eðlis útsendinga með rafsegulbylgjum. Í umsögn Póst- og fjarskiptastofnunar er komist að sömu niðurstöðu, þ.e. að skilyrði á Kópaskeri séu yfir lágmarkssviðsstyrk.

Fram hafa komið í málinu ítarlegar lýsingar á móttökuskilyrðum útsendinga RÚV á Kópaskeri. Að gefnu tilefni skal tekið fram að skilyrði þau sem hér hefur verið lýst eiga ekki við lengur. Frá því að mál þetta kom fyrst til kasta samkeppnisyfirvalda hafa þær breytingar átt sér stað á dreifikerfi RÚV hvað Kópasker varðar að fyrir júl 2002 var tekinn í notkun nýr sendir fyrir sjónvarp og í maí 2003 voru nýir sendar fyrir útvarp settir upp.

#### 2.

Afnotagiöld eru helsti tekjustofn RÚV og er í lögum kveðið á um að öllum sem eigi viðtæki sem nýta megi til móttöku á útsendingum RÚV sé skylt að greiða afnotagjald. Þannig segir í 12. gr. laga um RÚV nr. 122/2000:

*„Eigandi viðtækis sem nýta má til móttöku á útsendingum Ríkisútvarpsins skal greiða afnotagjald, útvarpsgjald, af hverju tæki. Þó skal aðeins greiða eitt útvarpsgjald fyrir einkaafnot fjölskyldu á heimili. Afslátt skal veita þeim sem aðeins geta nýtt sér svart/hvíta móttöku sjónvarpsefnis og þeim sem einungis geta nýtt sér hljóðvarpssendingar. Einnig er heimilt að veita fyrirtækjum og stofnunum afslátt vegna fjölda tækja á sama stað. Nánari ákvæði um afslátt og skilgreiningu á heimili skal setja í reglugerð.*



*Í reglugerð má ákveða að þeir sem hljóta uppbót á elli- og örorkulífeyri skv. 17. gr. laga um almannatryggingar, nr. 117/1993, með síðari breytingum, verði undanþegnir afnotagjöldum. Í reglugerð má einnig ákveða undanþágu blindra manna frá greiðslu afnotagjalds af hljóðvarpi.“*

Í reglugerðum um RÚV hefur menntamálaráðuneytið kveðið nánar á um afslátt. Þannig segir í 18. gr. reglugerðar nr. 357/1986 að sá sem aðeins geti nýtt sér hljóðvarpssendingar skuli greiða 30% útvarpsgjalds. Jafnframt er veittur afsláttur af aukasjónvarpstækjum til sjúkrahúsa, heilsuhæla, vistheimila, gistihúsa o.fl. Blindir njóta undanþágu að fengnum tillögum samtaka blindra. Þá njóta elli- og örorkulífeyrisþegar 20% afsláttar af útvarpsgjaldi sbr. reglugerð nr. 370/1997.

Ekki hefur í reglugerðum verið kveðið á um afslátt af afnotagjöldum til handa þeim sem sannanlega njóta ekki fullnægjandi skilyrða til að nýta sér útsendingar RÚV, að hluta eða öllu leyti. Aftur móti er ljóst að RÚV veitir afslátt af afnotagjöldum í einhverjum tilvikum vegna slæmra skilyrða þótt slíkt hafi ekki komið fram í svörum RÚV eða menntamálaráðuneytisins til Samkeppnisstofnunar. Í umræðum á Alþingi í nóvember 2002 komu móttökuskilyrði útsendinga RÚV til umræðu í fyrirspurnartíma. Í máli menntamálaráðherra kom þá m.a. eftirfarandi fram:

*„Ríkisútvarpið sýnir fullan vilja til þess að bæta útsendingar á þeim stöðum sem hér um ræðir og því virðist ekki efni til aðgerða af hálfu ráðuneytisins í þessum málum. Ég vil taka það fram að Ríkisútvarpið hefur tekið þá ákvörðun að gefa afslátt eða fella niður afnotagjald á þeim bæjum þar sem ástandið er verst.“*

Eins og fram kemur í þessari umræðu veitir RÚV afslátt af afnotagjöldum þótt ekki sé kveðið á um slíkt í reglugerð. Greiðendum afnotagjalda virðist ekki kynntur þessi afsláttur og hvergi virðist heldur koma fram við hvað er miðað eða hvernig afslátturinn er reiknaður. Samkeppnisráð fær þó ekki séð að skortur á slíku takmarki samkeppni eða brjóti í bága við ákvæði samkeppnislaga.

Að teknu tilliti til alls ofangreinds er það mat samkeppnisráðs að ekki séu skilyrði, með vísan til ákvæða samkeppnislaga, til aðgerða í máli þessu.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs í máli þessu.“**